

Verklagsreglur fyrir staðþekkingarpróf og leyfi á ný svæði

Eftirfarandi eru verklagsreglur fyrir hreindýraleiðsögumenn sem vilja bæta við sig nýju veiðisvæði.

Skv. lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum getur enginn tekið að sér leiðsögn með hreindýraveiðum nema hann hafi til þess leyfi Umhverfisstofnunar. Leyfi skal veitt til allt að fjögurra ára í senn og miðast við tiltekin veiðisvæði. Til að geta hlotið leyfi sem leiðsögumaður þarf umsækjandi að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Hafa skotvopnaleyfi (B-flokk) og veiðikort.
2. Hafa staðfestingu á að hann hafi staðist verklegt skotpróf á síðustu tólf mánuðum.
3. Hafa þekkingu og reynslu af veiðum, fláningu og meðferð afurða hreindýra.
4. Hafa staðfestingu á þátttöku í námskeiðum Umhverfisstofnunar (sjá námsskrá).
5. Hafa tvisvar á sama veiðitímabili leiðsagt með hreindýraveiðum undir handleiðslu starfandi leiðsögumanns sem valinn er af Umhverfisstofnun.
6. Hafa sótt skyndihjálparnámskeið á síðustu tveimur árum.

Hluti af námskeiði Umhverfisstofnunar (4. liður) er að hafa lokið prófi í staðháttum á því veiðisvæði sem viðkomandi vill fá leiðsöguréttindi á því (lög 64/1994).

Námskeið

Umhverfisstofnun skipuleggur og hefur umsjón með námskeiðum fyrir nýja leiðsögumenn með hreindýraveiðum og er valið inn á námskeið skv. verklagsreglum vegna inntöku á námskeið fyrir verðandi leiðsögumenn.

Að bæta við sig réttindum á nýtt veiðisvæði

Vilji starfandi leiðsögumaður bæta við sig réttindum á nýju veiðisvæði þarf hann að ljúka staðþekkingarprófi fyrir viðkomandi veiðisvæði.

Verklegar veiðiferðir

Auk staðþekkingarprófs þarf leiðsögumaður að fara í 2 verklegar veiðiferðir á viðkomandi svæði með starfandi leiðsögumanni sem samþykktur er af Umhverfisstofnun (verklagsreglur um verklegar veiðiferðir).

Umsóknir um að bæta við sig svæði

Til að bæta við sig nýju svæði þarf leiðsögumaður að skrá sig með rafrænum skilríkjum inn á sitt svæði á gagnagátt Umhverfisstofnunar. Þar velur hann svæði sem hann vill bæta við sig og finnur leiðbeinanda úr hópi starfandi leiðsögumanna í fellilista. Viðkomandi leiðsögumaður sem valinn er þarf svo að fara inn á gagnagátt og staðfesta að hann ætli að taka viðkomandi í verklega veiðiferð. Til að geta tekið að sér nema þarf starfandi leiðsögumaður að uppfylla skilyrði sem

meðmælandi (leiðsagt 50 veiðimönnum) en einnig leiðsagt 25 veiðimönnum á því svæði sem sótt er um á.

Að loknum verklegum veiðiferðum og skýrsluskilum hefur leiðsögumaður samband við Umhverfisstofnun varðandi að þreyta staðþekkingarpróf. Staðþekkingarpróf er hægt að taka á starfstöðvum Umhverfisstofnunar á eftirtöldum stöðum:

- Reykjavík
- Egilsstöðum
- Akureyri
- Ísafirði